

**Fundur í stjórn Minjasafns Austurlands, haldinn í Menntaskólanum á Egilsstöðum,  
Þriðjudaginn 30. ágúst 2016 kl. 16:00**

Mættar: Maríanna Jóhannsdóttir, Þórdís Sveinsdóttir, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Margrét Dögg Guðgeirsd. Hjarðar og Elsa Guðný Björgvinsdóttir safnstjóri. Kristjana Björnsdóttir og varamaður boðuðu forföll.

**Dagskrá**

**1. Fjárhagsáætlun 2017**

- Elsa Guðný fer yfir fjárhagsáætlunina. Áætlaðar rekstrartekjur fyrir 2017 eru kr. 25.828.502, þar af eru framlög frá sveitarfélögunum kr. 21.300.000 og áætluð rekstrargjöld fyrir 2017 eru kr. 25.831.000. Það gerir tap upp á kr. 2.492. Eftir yfirferð á fjárhagsáætlun er hún samþykkt samhljóða.

**2. Skýrsla safnstjóra**

- Elsa Guðný lagði fram skýrslu safnstjóra. Þar er meðal annars fjallað sumarið 2016, sýningar og viðburði, húsnæðismál safnsins, ýmis verkefni og hvað framundan er.

**3. Önnur mál**

- Elsa Guðný fer yfir stöðu mála varðandi skuldbindingu Fljótsdalshéraðs vegna viðhalds og endurbóta Safnahússins. Á fundi fulltrúa Héraðsskjalasafnsins, Minjasafnsins og sveitarfélagsins í desember 2015 óskuðu fulltrúar safnanna eftir sundurliðun á útgjaldaliðum vegna viðhalds og endurbóta á Safnahúsi á árunum 2014 og 2015. Sú sundurliðun hefur nýlega borist og Elsa Guðný greindi frá athugasemdum sem þarf að fylgja eftir vegna þessa. Stjórn felur safnstjóra og formanni stjórnar að vinna áfram í málinu. Safnstjóra falið að óska eftir skriflegum upplýsingum á stöðu mála varðandi byggingu burstar 2.

Fundargerð lesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 17:15